



Samtök atvinnulífsins
Jón R. Pálsson hrl.
Borgartúni 35
105 REYKJAVÍK

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólagötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9750 bréfasími: 552 1160
postur@lan.stjr.is
www.landbunadarraduneyti.is

Reykjavík 22. janúar 2007
Tilv.: LAN05030117/214.0

Efni: Beiðni um upplýsingar

I.

Ráðuneytið vísar til erindis yðar f.h. Reykjararðs til landbúnaðarráðuneytisins með bréfi dags. 9. júní 2005 vegna stjórnáslu heilbrigðiseftirlitssjóðs skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Í bréfinu var óskað eftir:

1.) Upplýsingum um „sundurliðun á raunkostnaði“ vegna heilbrigðiseftirlits með slátrun alifugla í sláturhúsi Reykjararðs á Hellu og lýsingu á því hvernig þetta eftirlit hefði verið framkvæmt.
2.) Aðgangi að ársreikningum nefnds eftirlitssjóðs fyrir árin 2002 til 2004. Sérstaklega var óskað eftir upplýsingum um hvort einhver launakostnaður héraðsdýralækna hefði verið gjaldfærður á sjóðinn.
3.) Að upplýst yrði hvort dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli Sléttusvíns ehf. gegn íslenska ríkinu yrði áfrýjað eða hvort ríkið hyggðist una honum og þá jafnframt hvort öðrum aðilum yrði endurgreidd sýnataka sem eftirlitssjóður átti að greiða.

Fyrstu tvö málefni í erindi yðar frá 9. júní 2005 voru ítrekuð með bréfum til ráðuneytisins dags. 14. september 2005 og 5. júlí 2006.

II.

Í erindi yðar kemur ekki fram á hvaða lagagrundvelli óskað er upplýsinga. Ráðuneytinu virðist þó unnt að fella beiðni yðar undir 9. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 þar sem fram kemur að stjórnvöldum sé skylt, sé þess kostur, að veita aðila sjálfum aðgang að skjölum og öðrum gögnum sem varða tiltekið mál ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan.

Upplýsingaréttur samkvæmt upplýsingalögum er nánar útfærður í 1. mgr. 10. gr. laganna þar sem segir: „Sá sem fer fram á aðgang að gögnum skal tilgreina þau gögn sem

hann óskar að kynna sér. Þá getur hann óskað eftir að fá að kynna sér upplýsingar um tiltekið mál án þess að tilgreina einstök gögn sem málið varða." Þetta ákvæði hefur verið túlkað á þann veg af úrskurðarnefnd um upplýsingamál, að sá sem fer fram á aðgang að gögnum, verði að tilgreina nákvæmlega það mál, eða þau gögn í tilteknu máli sem hann óskar eftir að kynna sér. Í því felst að ekki er hægt að krefjast aðgangs að ótilteknum fjölda gagna úr fleiri en einu máli, jafnvel þó að skjöl séu nægilega tilgreind. Sjá t.d. í þessu sambandi úrskurð frá 3. mars 1998 í málinu nr. A-43/1998 og úrskurð frá 28. júlí í málinu nr. A-80/1999.

Stjórnvöldum ber ekki skylda til að láta í té upplýsingar með öðrum hætti, t.d. með því að safna þeim saman eða útbúa ný gögn sem ekki eru fyrirliggjandi þegar óskað er eftir aðgangi að upplýsingum. Stjórnvöldum er hinsvegar heimilt innan nokkurra takmarkana að veita viðtækari upplýsingar en leiðir af rétt til upplýsinga samkvæmt upplýsingalögum.

Í beiðni yðar felst að nokkru leyti krafa um samantekt upplýsinga og vinnslu þeirra. Landbúnaðarráðuneytið lét taka saman og vinna upplýsingar af þessu tilefni enda má telja umbjóðanda yðar eiga verulegra hagsmuna að gæta af gagnsæi í framkvæmd heilbrigðiseftirlits í sláturhúsum og gjaldtöku vegna þess.

III.

Ráðuneytið svaraði erindi SA stuttlega með bréfi dags. 15. júlí 2005 þar sem fram kom að erindið hefði verið mótttekið í ráðuneytinu og yrði tekið til afgreiðslu að loknum sumarleyfistíma. Málið var þá til skoðunar hjá embætti yfirdýralæknis og ráðuneytinu á þessum tíma og var tekið til skoðunar að fela Hagþjónustu landbúnaðarins úrvinnslu gagna. Ráðuneytið óskaði eftir því í bréfi dags. 1. mars 2006 að embætti yfirdýralæknis veitti umsögn um erindi SA. Þann 9. nóvember 2006 sendi umboðsmaður Alþingis ráðuneytinu erindi vegna þessa máls, merkt nr. 4831/2006. Í bréfinu var ráðuneytinu kynnt kvörtun lögmanns Samtaka atvinnulífsins til embættis umboðsmanns yfir stjórnsýslu ráðuneytisins við meðhöndlun beiðna um upplýsingar. Umboðsmaður veitti ráðuneytinu frest til 1. febrúar 2006 til að svara erindi hans.

Ráðuneytið ítrekaði við Landbúnaðarstofnun í rafréfi dags. 30. nóvember, að stofnunin gæfi ráðuneytinu svör við þeim fyrirspurnum sem SA höfðu beint að ráðuneytinu f.h. Reykjaröðs h.f. Svarbréf barst ráðuneytinu 14. desember 2006. Ráðuneytið taldi svör Landbúnaðarstofnunar ekki fullnægjandi og ítrekaði erindi sitt að nýju með bréfi dags. 20. desember 2006. Svar Landbúnaðarstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi dags. 16. janúar 2007.

IV.

Ráðuneytið telur fyrstu tveimur töluliðunum hér að ofan að fullu svarað með hjálögðum bréfum Landbúnaðarstofnunar til ráðuneytisins dags. 14. desember 2006 og 16. janúar 2007.

Í bréfunum kemur fram að ekki er unnt að veita upplýsingar um raunkostnað við heilbrigðiseftirlit hjá einstökum sláturleyfishöfum þar sem kostnaður við eftirlit var ekki sundurliðaður á einstaka framleiðendur. Í bréfinu frá 14. desember 2006 var framkvæmd eftirlitsins lýst. Þar kemur fram að laun héraðsdýralækna voru ekki gjaldfærð á eftirlitssjóðinn þrátt fyrir að nokkur hluti starfa þeirra felist í vinnu við heilbrigðissskoðun í sláturhúsum. Í bréfinu frá 16. janúar 2006 má sjá ársreikninga fyrir nefndan eftirlitssjóð fyrir árin 2002 til 2005.

Í erindi yðar er óskað eftir upplýsingum um hvort dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli Sléttusvíns ehf. gegn Íslenska ríkinu yrði áfrýjað eða hvort ríkið hyggðist una honum og þá jafnframt hvort öðrum aðilum yrði endurgreidd sýnataka sem eftirlitssjóður átti að greiða. Þessu máli lyktaði með dómi Hæstaréttar birtum í *Hrd.* 2005:4131 þar sem ríkið var dæmt til

að endurgreiða Sléttusvíni svokallaðar *tegra* stroksýnatökur sem teknar voru í sláturhúsi af skrokkum frá búum þar sem greinst hafði smitefni. Upplýst skal að í kjölfar þessa lögðu nokkrir aðrir svínabændur fram kröfur um endurgreiðslu og hefur nú farið fram fullnaðaruppgjör við þá. Ef þér teljið Reykjagarð eða aðra kjúklingaframleiðendur hafa orðið fyrir ólögumætri gjaldtöku af hálfu eftirlitssjóðsins, eins og ýjað er að í bréfi yðar, þá skorar ráðuneytið á yður að leggja fram gögn þar að lútanda og mun ráðuneytið taka slíkt erindi til skoðunar.

Fyrir hönd ráðherra


Arnór Sveinbjörnsson


Ólafur Friðriksson

Fylgiskj.: Raðbréf landbúnaðarráðuneytisins til Landbúnaðarstofnunar (LBS) frá 30. nóvember 2006.
Bréf LBS til ráðuneytisins dags. 14. desember 2006.
Bréf ráðuneytisins til LBS dags. 20. desember 2006.
Bréf LBS til ráðuneytisins dags. 16. janúar 2007.

JRP			
Kom: 24 JAN 2007			
SA	NR. 3637		

Erindi umboðsmanns og Reykjaráður-sláturhús

Málsnúmer: LAN06110058

Sent: 30.11.2006 11:25:33

Sent af: Arnór Snæbjörnsson

Svör sendist til: arnor.snabjornsson@lan.stjr.is

Eigandi skjals: Arnór Snæbjörnsson

Almennt		Bréfalyklar:	004 UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS
Til:	jon.gislason@lbs.is, stefan.gudmundsson@lbs.is		
Afrit:			
Falið afrit:	Arnór Snæbjörnsson/LAN/NotesSTJ R@NotesSTJR, Ólafur Friðriksson/LAN/NotesSTJR@ NotesSTJR, Guðmundur B. Helgason/LAN/NotesSTJR@N otesSTJR		
Efni:	Erindi umboðsmanns og Reykjaráður-sláturhús		

Texti:

Tilvísun í mál: LAN05030117

Landbúnaðarráðuneytinu hefur borist erindi frá umboðsmanni Alþingis í tilefni af kvörtun Reykjaráðs hf. um drátt á svörum ráðuneytisins um atriði er varða innheimtu svokallaðs heilbrigðiseftirlitsgjalds með sláturafurðum (kjúklingum) skv. 11. gr. 1. nr. 97/1997. Gjaldið rennur í svokallaðan heilbrigðiseftirlitssjóð sem er í vörslu Landbúnaðarstofnunar. Þetta er sami sjóður og talinn var gjaldskyldur vegna aukasýnatöku á svinabúum í Sléttusvínsmálinu.

Umboðsmaður óskar eftir því að fá upplýsingar um hvað líði svörum við erindum þessum og hvað skýri drátt málsins. Ráðuneytinu hefur verið veittur frestur til 19. desember 2006 til að veita svör við erindi umboðsmanns.

Reykjaráður hefur ítrekað sent erindi á embætti yfirdýralæknis og á landbúnaðarráðuneytið. Vísa má til bréfs Reykjaráðs til yfirdýralæknis frá 29. mars 2004. Einnig má vísa til bréfa Samtaka Atvinnulífsins f.h. félagsins til landbúnaðarráðuneytisins frá 9. júní 2005, 14. september 2005 og 5. júlí 2006. Fyrirtækið óskar eftir sundurliðum á raunkostnaði við eftirlitið, aðgangi að ársreikningum vegna eftirlitssjóðsins og sérstaklega hvort einhver launakostnaður hafi verið gjaldfærður á sjóðinn en það telur fyrirtækið vera óheimilt. Málsgögn þessi eiga öll að vera til hjá Landbúnaðarstofnun, ef undanskilið er ítrekunarbréfið frá 5. júlí 2006 en í því kemur ekkert nýtt fram.

Hagþjónustu landbúnaðarins var falið á fyrri hluta ársins 2005 að reikna út forsendur gjaldsins í samræmi við erindi SA f.h. Reykjaráðs. Með bréfi Halldórs Runólfssonar til Sverris Sverrissonar dags. 21. mars 2005 var Sverri falið að afla Hagþjónustunni upplýsinga um forsendur og útreikning gjaldsins þegar það var ákvarðað árið 2002.

Samkvæmt minnisblaði Ingibjargar Ólafar Vilhjálmisdóttur frá 16. nóvember 2005 hafði þá ekki verið ráðist í að svara erindi Reykjaráðs og virðist ástæðan vera sú að Hagþjónustunni höfðu ekki borist gögn frá yfirdýralækni.

1. mars 2006 sendi Sigríður Stefánsdóttir erindi á Landbúnaðarstofnun og óskaði eftir því að stofnunin svaraði bréfi SA f.h. Reykjagarðs frá 9. júní 2005 og ítrekun bréfsins frá 14. september 2005. Óskað var eftir að umsögn væri veitt hið fyrsta.

Ráðuneytið vill ítreka þá beiðni sem fram kemur í bréfi ráðuneytisins frá 1. mars s.l. að stofnunin svari ráðuneytinu þeim fyrirspurnum sem SA hafa beint f.h. Reykjagarðs að ráðuneytinu og umboðsmaður hefur nú tekið upp.

Ég ræddi við Jónas Bjarnason hjá Hagþjónustu landbúnaðarins í síma í dag og hann er reiðubúinn til að koma að því að vinna úr upplýsingum sem yfirdýralæknir hefur um þessi mál, svo snemma sem núna í desember. Lagt er því til að Landbúnaðarstofnun taki til skoðunar að afla liðsinnis Hagþjónustunnar við að afgreiða fyrirspurnina.

Að lokum er rétt að benda á að mikilvægt er að mál þetta sé afgreitt fyrir þann frest sem umboðsmaður veitti til 19. desember n.k. Ef það verður ekki gert felst í því álitshnekkir fyrir stjórnslu landbúnaðarráðuneytisins og undirstofnanna þess og er fyrirsjáanlegt að umboðsmaður muni gera verulegar athugasemdir við meðferð málsins. Því er óskað eftir því að Landbúnaðarstofnun hefji vinnu við að svara erindinu svo fljótt sem unnt er og tjái ráðuneytinu ef tafir verða á því.

F.h.r.
Arnór Snæbjörnsson

Austurvegur 64
800 Selfoss
Sími: 530 4800
Fax: 530 4801

Br.lyk.: 204 ASI
Aðrir:
Innk: 18. Des. 2006
LAN 0611 0058

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

LANDBÚNAÐAR-
STOFNUN
Agricultural Authority of Iceland

Landbúnaðarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

Selfoss, 14. desember 2006

Tilvísun: Lbs06120003/2.20

Yðar tilvísun:

LAN05030117/214.0

Efni: Erindi Samtaka atvinnulífsins um upplýsingar um gjaldtöku vegna eftirlits með slátrun alifugla dags. 14.9.2006.

Óskað er upplýsinga um raunkostnað við heilbrigðiseftirlit með slátrun alifugla í sláturhúsi Reykjarörs hf. á Hellu. Upplýsingar um raunkostnað við eftirlit hjá einstökum sláturleyfishöfum eru ekki til, þar sem kostnaður við framkvæmd heilbrigðiseftirlits var ekki sundurliðaður á einstaka sláturleyfishafa.

Framkvæmd heilbrigðissskoðunar í sláturhúsi Reykjarörs hf. á Hellu var á árunum 2002 til 2004 sinnt af Dýralæknamiðstöðinni á Hellu undir stjórn héraðsdýralæknis Suðurlandsumdæmis.

Eftirlit með sláturhúsum er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða árlegt eftirlit héraðsdýralæknis með byggingum og búnaði, úttekt á innra eftirliti fyrirtækisins og viðbrögðum við frávikum, sem upp kunna að koma. Hins vegar daglegt / vikulegt / mánaðarlegt eftirlit eftirlitsdýralækna / héraðsdýralækna með heilbrigði sláturdýra og afurða, almennu hreinlæti við slátrun og sýnataka vegna reglubundinnar vöktunar vegna örverumengunar, lyfjaleifa og aðskotaefna.

Þar sem óskað er sérstaklega eftir greinargerð um framkvæmd eftirlits við slátrun alifugla í sláturhúsi Reykjarörs hf. á Hellu skal hér lýst í stuttu máli framkvæmd heilbrigðiseftirlits þar.


Í alifuglasláturhúsi Reykjarörs hf. á Hellu fólst eftirlit dýralækna fyrst og fremst í sýnatöku eftirlitsdýralækna, en sýni voru tekin úr hverjum sláturhópi til greiningar á salmonellusmiti og kamphylobaktermengun. Auk sýnatöku var eftirlit haft með aðferðum við aflífum og aðbúnaði dýra fyrir aflífum. Í einhverjum mæli var um að ræða eftirlit dýralækna með sjúklegum breytingum og þeir fuglar fjarlægðir sem greindir voru með slíkar breytingar. Að öllu jöfnu var slík sjónskoðun framkvæmd af starfsfólki sláturhússins undir umsjón dýralæknis. Tekið er fram að lýsing þessi á aðferðum við heilbrigðissskoðun í sláturhúsi Reykjarörs hf. á Hellu er í engu frábrugðin eftirliti í sambærilegum sláturhúsum fyrir alifugla á umræddu tímabili.


Í bréfi Samtaka atvinnulífsins er óskað eftir svörum um hvort einhver launakostnaður dýralækna hafi verið gjaldfærður á á eftirlitssjóðinn á árunum 2002 - 2004. Laun þeirra eftirlitsdýralækna sem starfa við heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum er gjaldfært á eftirlitssjóðinn auk launa þeirra aðstoðarmanna dýralækna sem starfa í sláturhúsum við sauðfjárslátrun. Vakin er sérstök athygli á að ekki voru neim laun héraðsdýralækna færð til kostnaðar á eftirlitssjóð, en nokkur hluti starfshlutfalls þeirra felst í vinnu við heilbrigðisskoðun í sláturhúsum. ✓

Í sama bréfi er óskað eftir að lagðir verði fram ársreikningar svokallaðs eftirlitssjóðs í vörslu landbúnaðarráðuneytisins fyrir árin 2002, 2003 og 2004. Sérstakir ársreikningar voru ekki gerðir fyrir umræddan sjóð. Kostnaði var haldið aðskildum frá öðrum viðfangsefnum í bókhaldi embættis yfirdýralæknis og er hér meðfylgjandi yfirlit frá Fjársýslu ríkisins um kostnað árunum 2002, 2003 og 2004 vegna viðfangsefnis " Heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum " ✓

Til frekari upplýsinga fylgir bréfi þessu afrit af bréfi embættis yfirdýralæknis til landbúnaðarráðuneytis dags 24.10.2001 um hækkun á gjaldi fyrir kjötskoðun ásamt meðfylgjandi upplýsingum um kostnað og tekjuskiptingu vegna heilbrigðiseftirlits í sláturhúsum.

Fyrir hönd
Landbúnaðarstofnunar


Sigurður Örn Hansson
forstöðumaður Matvæla- og umhverfissviðs


Sverrir Þ. Sverrisson
sérfræðingur

24.10.2001

Landbúnaðarráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
150 Reykjavík

Br.tyk.:		Áb.m.:	
Aðrir:		F.skjöl.:	
Innk.:	21 JÚNÍ 2002		
LAN			
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ			

Efni: Hækkun á gjaldi fyrir kjötskoðun.

Óskað er eftir að gjald fyrir kjötskoðun verði hækkað úr því sem nú er krónur 2,50 fyrir hvert kíló í krónur 3,46 kr/kg. Ástæða þessarar beiðni er sú að gert er ráð fyrir í lögum um kjötskoðun að gjald fyrir kjötskoðun skuli vera kostnaðarverð.

Til frekari upplýsinga er hér vakin athygli á eftirfarandi.

Innvegið heildarmagn kjöts á árinu 2000 alls:	21.090.345 kíló
Gjaldfærður kostnaður við kjötskoðun á árinu 2000:	62.920.053 krónur
Álögð gjöld fyrir kjötskoðun á árinu 2000, 2,50 kr/kíló,	52.725.863 krónur

Vakin er athygli á að hluti starfa héraðsdýralækna er við kjötskoðun og eru laun þeirra ekki gjaldfærð sem kostnaður við eftirlitssjóð, en eðlilegt er að vinnuframlag héraðsdýralækna sé gjaldfærður kostnaður á eftirlitssjóð og tekjur færðar á embætti yfirdýralækna. Nánar er um að ræða áætlað 30 % starfshlutfall hjá 10 héraðsdýralæknum og væri eðlilegt að gjaldfæra þann kostnað á eftirlitssjóð. Umræddur kostnaður væri því 10.000.000 króna sem eingöngu er reiknaður af grunnlaunum og launatengdum gjöldum.

Gjald fyrir kjötskoðun þarf því að vera krónur 3,46 krónur/ kíló til að mæta öllum kostnaði.

Meðfylgjandi.

Sundurliðun kostnaðar við kjötskoðun á árinu 2000.



f.h.y


Sverrir P. Sverrisson

Tegund	Tímabil: 01 - 13	Færsluár	Fyrri ár * 1,00	Frávik	%
5111	Grunnstörf,	20.710.360	3.904.502	16.805.858	430,4
5112	Grunnstörf,	635.359	374.076	261.283	69,8
5113	Afleysing	199.256-	0	199.256-	0,0
5149	Aðrar aukagr	157	0	157	0,0
5151	Föst yfirvin	4.205.161	221.384	3.983.777	999,9
5153	Yfirvinna, t	3.023.558	1.187.027	1.836.531	154,7
5159	Orlof á yfir	403.350	142.741	260.609	182,6
5181	Launategnd g	4.307.703	772.244	3.535.459	457,8
5183	Viðbótariöggj	587.533	46.428	541.105	999,9
5215	Prentborðar,	6.900	0	6.900	0,0
5224	Málningarvör	0	1.247	1.247-	0,0
5232	Girðingarefn	0	140.959	140.959-	0,0
5272	Bensín	7.093	3.910	3.183	81,4
5281	Keyptar mált	21.920	0	21.920	0,0
5290	Vinnufatnaðu	4.596	0	4.596	0,0
5299	Aðrar rekstr	925	0	925	0,0
5349	Aðrar vörur	13.449	0	13.449	0,0
5390	Salt	0	0	0	0,0
5391	Umbúðir	0	6.880	6.880-	0,0
5410	Fundagjöld	22.480	0	22.480	0,0
5420	Fargjöld inn	71.250	53.620	17.630	32,9
5422	Dagpeningar	98.800	113.500	14.700-	13,0-
5424	Dvalarkostna	200.000	137.500	62.500	45,5
5431	Bílaleigubif	211.510	125.606	85.904	68,4
5432	Einkaleigubi	0	0	0	0,0
5433	Starfsmannab	2.301.522	18.702	2.282.820	999,9
5439	Annar akstur	266.269	6.000	260.269	999,9
5443	Læknar, hjúkr	0	93.620	93.620-	0,0
5445	Náttúru-, eð	1	0	1	0,0
5446	Þýðendur, tú	18.000	0	18.000	0,0
5448	Dýralæknar	4.048.246	33.242.591	29.194.345-	87,8-
5454	Rannsóknarst	21.155.191	3.487.974	17.667.217	506,5
54541	Rannsóknarst	264.760	0	264.760	0,0
5490	Prentun, fjö	0	41.908	41.908-	0,0
5491	Póstburðargj	0	2.850	2.850-	0,0
5492	Vöru- og hra	137.548	104.890	32.658	31,1
5521	Músaleiga	94.266	0	94.266	0,0
5569	Önnur verkka	301.402	1.294.647	993.245-	76,7-
5746	Önnur opinbe	0	0	0	0,0
	Samtals:	62.920.053	45.524.806	17.395.247	38,2

Upplýsingar um kostnaðar- og tekjuskiptingu vegna heilbrigðiseftirlits í sláturhúsum.

2001	Sauðfé	Svín	Nautgripir	Hross	Allfuglar
Kjöt magn í kg.	8811816	5283517	3682787	1055147	3220038
Framleiðsluhlutfall	39%	24%	17%	5%	18%
Áætluð kostnaðarskipting skv. gögnum					
* Laun og annar kostnaður	35%	26%	15%	4%	20%
	14291195	10616316	6124798	1833279	8166397
Rannsóknir vegna aðskotaefna og hjáleifa	36%	28%	18%	15%	3%
	2160000	1680000	1080000	900000	180000
Aðrar rannsóknir s.s. salmonella og campylobacter	2%	15%	1%	2%	80%
	269400	2020500	134700	269400	10776000
Alls kostnaður	16720595	14316816	7339498	2802679	19122397
Kostnaðarhlutfall	27,7%	23,7%	12,2%	4,6%	31,7%
Tekjur	21529640	13206793	9206968	2637868	8050095
Tekjuhlfall	39,4%	24,2%	16,9%	4,8%	14,7%
Núverandi gjald 2,50 kr/kg	2,50	2,50	2,50	2,50	2,50
Útreiknað gjald m.v kostnaðarhlutfall að óbreyttu gjaldi	1,76	2,45	1,81	2,41	5,36
** Útreiknað gjald m.v kostnaðarhlutfall og 3,46 kr/kg	2,43	3,40	2,50	3,33	7,45

Skýringar.

- * Kostnaður vegna launa og annars kostnaður er hér reiknaður sem margfeldi af hlutfalli sláturdaga hvers dýrategundar á móti heildarsláturdögum.
- ** Útreiknað gjald á hvert kíló samkvæmt kostnaðarhlutfalli hvers dýrategundar og heildar raunkostnaði.

yfirdýralækningjöld2004
Íslenska ríkið
Staða á gjaldategundum
Current Period: 12-04

Date: 13-DEC-06 09:36:44
Page: 1

Currency: ISK
Stofnun=04233 (Yfirdýralæknir), Viðfang=0423316100 (Heilbrigðiseftirlit með sl áturhúsum)
Rauntölur
Tegund

Gjöld	
5111 Grunnstörf, viðvera	24.186.051
5112 Grunnstörf, fjarvistir	1.020.642
5113 Afleysing	(199.995)
5151 Föst yfirvinna, ótímabundið	4.650.303
5153 Yfirvinna, tímamæld	4.853.171
5159 Orlof á yfirvinnu	724.212
5181 Launatengd gjöld	6.176.144
5183 Viðbótargjald í lífeyrissjóð	660.860
52720 Bensín	3.329
52810 Keyptar máltíðir og kaffiveitingar	2.261
52812 Keyptar máltíðir og kaffiveitingar	100.038
52930 Hreinlætisvörur, ræstingarvörur	660
53490 Aðrar vörur til rannsóknna	422.037
53910 Umbúðir	4.211
54100 Fundagjöld	449.667
54202 Fargjöld innanlands	83.895
54222 Dagpeningar innanlands	467.250
54242 Dvalarkostnaður innanlands án vsk	80.760
54310 Bílaleigubifreiðar	165.844
54332 Starfsmannabifreiðar	3.232.978
54390 Annar akstur	411.732
54391 Annar akstur m/14% vsk	3.000
54432 Læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúk	8.382
54480 Dýralæknar	5.134.374
54482 Dýralæknar án vsk	2.301.248
54540 Rannsóknarstofur með VSK	3.931.753
54542 Rannsóknarstofur	19.831.264
54652 Þjónustugjöld fjármálastofnana	784
54690 Önnur innheimta, umbóðs-, sölu- og	3.000
54900 Prentun, fjölritun, bókbönd, ljós	15.836
54910 Póstburðargjöld með 24,5% vsk	4.965
54912 Póstburðargjöld	57.210
54920 Vöru- og hraðflutningar með VSK (11.257
54922 Vöru- og hraðflutningar	315.575
55130 Símagjöld og afnotagjöld af línun	90.050
55132 Símagjöld og afnotagjöld af línun	89.939
55212 Húsaleiga	36.000
55822 Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegu	17.388
55892 Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri	3.506
57132 Dráttarvextir	209.925
58120 Húsgögn	108.591
58140 Tölvubúnaður	180.871
58190 Önnur áhöld og tæki	9.900
6700 Framlag ríkissjóðs	(75.000.000)
TOTAL	4.860.868

Br.lyk.: 004	MS
Aðrir:	Fsk:
Innk.: 20. DES. 2006	
LAN 06110058	
LANDBUNADARRADUNEYTIÐ	

Aðalbókhald *** SAMANBURÐUR LOKASTÖÐU MILLI ÁRA Á TEGUNDIR *** Skýrr 307
 Verk: RB1 Ár: 03 12.12.06
 Viðfangsefni: 04-233-16100 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum Bls. 1

Tegund	Tímabil: 01 - 13	Færsluár	Fyrri ár * 1,00	Frávik	%							
5111	Grunnstörf,	23.471.915	21.151.684	2.320.231	11,0							
5112	Grunnstörf,	527.228	1.051.421	524.193-	49,9-							
5151	Föst yfirvin	4.563.430	3.747.956	815.474	21,8							
5153	Yfirvinna, t	5.047.712	2.777.536	2.270.176	81,7							
5159	Orlof á yfir	610.620	459.293	151.327	32,9							
5181	Launatengd g	5.988.084	4.527.404	1.460.680	32,3							
5183	Viðbótariðgi	801.871	721.972	79.899	11,1							
5211	Ritföng, pap	5.188	0	5.188	0,0							
5212	Ljósritunar-	56.996	57.271	275-	0,5-							
5250	Skrifstofuáh	743.550	0	743.550	0,0							
5272	Bensín	0	20.738	20.738-	0,0							
5281	Keyptar mált	13.870	0	13.870	0,0							
5290	Vinnufatnaðu	0	0	0	0,0							
	Samtals:	41.830.464	34.515.275	7.315.189	21,2							
03 04	233 16100	5111 - 5999	01 - 13	1,00								
Ár	Rá Sto	Viðfang	Tegund	Tegund	Tb	Tb	Studull					Mynd
Send	F1	F2	F3	F4	F5	F6	F7	F8	F9	F10	F11	F12
	Hjálp		Bakka	Ábend		Hreyf	Aftur	Fram	Prent		Samt	Út
4A0											21,012	

Aðalbókhalð *** SAMANBURÐUR LOKASTÖÐU MILLI ÁRA Á TEGUNDIR *** Skýrr 307
 Verk: RB1 Ár: 03 12.12.06
 Viðfangsefni: 04-233-16100 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum Bls. 2

Tegund	Tímabil: 01 - 13	Færsluár	Fyrri ár * 1,00	Frávik	%
5299	Aðrar rekstr	0	0	0	0,0
5349	Aðrar vörur	197.474	430.090	232.616-	54,1-
5359	Önnur efni t	660	0	660	0,0
5361	Lækningavöru	1.200	0	1.200	0,0
5362	Einnota vöru	1.458	0	1.458	0,0
5391	Umbúðir	0	9.657	9.657-	0,0
5410	Fundagjöld	60.400	0	60.400	0,0
5415	Risna, önnur	0	1.780	1.780-	0,0
5420	Fargjöld inn	67.024	33.050	33.974	102,8
5422	Dagpeningar	283.500	386.200	102.700-	26,6-
5424	Dvalarkostna	0	22.000	22.000-	0,0
5430	Leigubifreið	1.900	0	1.900	0,0
5431	Bílaleigubif	90.368	74.946	15.422	20,6
	Samtals:	42.534.448	35.472.998	7.061.450	19,9

03 04 233 16100 5111 - 5999 01 - 13 1,00
 Ár Rá Sto Viðfang Tegund Tegund Tb Tb Studull Mynd
 Send F1 F2 F3 F4 F5 F6 F7 F8 F9 F10 F11 F12
 Hjálp Bakka Ábend Hreyf Aftur Fram Prent Samt Út
 4A0 21,012

Aðalbókhald *** SAMANBURÐUR LOKASTÖÐU MILLI ÁRA Á TEGUNDIR *** Skýrr 307
 Verk: RB1 Ár: 03 12.12.06
 Viðfangsefni: 04-233-16100 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum Bls. 4

Tegund	Tímabil: 01 - 13	Færsluár	Fyrri ár *	Frávik	%
5521	Húsaleiga	0	50.000	50.000-	0,0
5533	Sendibifreið	2.100	1.913	187	9,8
5550	Bifreiðaverk	0	500	500-	0,0
5569	Önnur verkka	0	13.000	13.000-	0,0
5746	Önnur opinbe	0	2.013	2.013-	0,0
5772	Afskrifaðar	0	2.970.729	2.970.729-	0,0

Samtals:		72.970.297	63.452.488	9.517.809	15,0
03 04 233 16100	5111 - 5999	01 - 13	1,00		
Ár Rá Sto Viðfang	Tegund Tegund	Tb Tb	Stuðull		Mynd
Send F1 F2 F3 F4 F5 F6 F7 F8 F9 F10 F11 F12	Hjálp	Bakka Ábend	Hreyf Aftur Fram	Prent	Samt Út
4AÚ					21,012

Aðalbókhald *** SAMANBURÐUR LOKASTÖÐU MILLI ÁRA Á TEGUNDIR *** Skýrr 307
 Verk: RB1 Ár: 02 12.12.06
 Viðfangsefni: 04-233-16100 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum Bls. 1

Tegund	Tímabil: 01 - 13	Færsluár	Fyrri ár * 1,00	Frávik	%
5111	Grunnstörf,	21.151.684	21.191.662	39.978-	0,2-
5112	Grunnstörf,	1.051.421	1.130.330	78.909-	7,0-
5151	Föst yfirvin	3.747.956	4.168.112	420.156-	10,1-
5153	Yfirvinna, t	2.777.536	2.630.254	147.282	5,6
5159	Orlof á yfir	459.293	338.122	121.171	35,8
5181	Launategd g	4.527.404	4.659.954	132.550-	2,8-
5183	Viðbótariðgj	721.972	629.574	92.398	14,7
5212	Ljósritunar-	57.271	0	57.271	0,0
5215	Prentborðar,	0	0	0	0,0
5272	Bensín	20.738	7.200	13.538	188,0
5281	Keyptar mált	0	15.900	15.900-	0,0
5290	Vinnufatnaðu	0	2.482	2.482-	0,0
5299	Aðrar rekstr	0	76.773	76.773-	0,0
	Samtals:	34.515.275	34.850.363	335.088-	1,0-
02 04	233 16100__ 5111_ - 5999_	01 - 13	_1,00		
Ár Rá	Sto Viðfang	Tegund Tegund	Tb Tb	Studull	Mynd
Send	F1 F2	F3 F4 F5	F6 F7 F8	F9 F10	F11 F12
	Hjálp	Bakka Ábend	Hreyf Aftur Fram	Prent	Samt Út
4AÚ					21,012

Aðalbókhað *** SAMANBURÐUR LOKASTÖÐU MILLI ÁRA Á TEGUNDIR *** Skýrr 307
 Verk: RB1 Ár: 02 12.12.06
 Viðfangsefni: 04-233-16100 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum Bls. 2

Tegund	Tímabil: 01 - 13	Færsluár	Fyrri ár *	Frávik	%
5341	Glös, spraut	0	30.209	30.209-	0,0
5349	Aðrar vörur	430.090	9.267	420.823	999,9
5359	Önnur efni t	0	72.274	72.274-	0,0
5391	Umbúðir	9.657	0	9.657	0,0
5410	Fundagjöld	0	44.170	44.170-	0,0
5415	Risna, önnur	1.780	27.538	25.758-	93,5-
5420	Fargjöld inn	33.050	212.779	179.729-	84,5-
5421	Fargjöld erl	0	53.791	53.791-	0,0
5422	Dagpeningar	386.200	214.600	171.600	80,0
5424	Dvalarkostna	22.000	305.610	283.610-	92,8-
5430	Leigubifreið	0	5.680	5.680-	0,0
5431	Bílaleigubif	74.946	321.540	246.594-	76,7-
5433	Starfsmannab	3.636.227	2.886.835	749.392	26,0
	Samtals:	39.109.225	39.034.656	74.569	0,2

02 04 233 16100__ 5111_ - 5999_ 01 - 13 _1,00
 Ár Rá Sto Viðfang Tegund Tegund Tb Tb Studu11 Mynd
 Send F1 F2 F3 F4 F5 F6 F7 F8 F9 F10 F11 F12
 Hjálp Bakka Ábend Hreyf Aftur Fram Prent Samt Út
 4A0 21,012

Aðalbókhald *** SAMANBURÐUR LOKASTÖÐU MILLI ÁRA Á TEGUNDIR *** Skýrr 307
 Verk: RBI Ár: 02 12.12.06
 Viðfangsefni: 04-233-16100 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum Bls. 3

Tegund	Tímabil: 01 - 13	Færsluár	Fyrri ár * 1,00	Frávik	%
5439	Annar akstur	1.022.042	410.568	611.474	148,9
5448	Dýralæknar	2.615.217	424.120	2.191.097	516,6
5449	Önnur sérfræ	0	513.505	513.505-	0,0
5454	Rannsóknarst	17.268.449	15.604.162	1.664.287	10,7
54541	Rannsóknarst	0	3.794.959	3.794.959-	0,0
5490	Prentun, fjö	51.512	120.279	68.767-	57,2-
5491	Póstburðargj	125.000	101.900	23.100	22,7
5492	Vöru- og hra	175.168	259.794	84.626-	32,6-
54939	Líkamsrækt	7.425	0	7.425	0,0
5507	Rekstrarleig	40.295	0	40.295	0,0
5521	Húsaleiga	50.000	75.000	25.000-	33,3-
5533	Sendibifreið	1.913	0	1.913	0,0
5550	Bifreiðaverk	500	0	500	0,0
	Samtals:	60.466.746	60.338.943	127.803	0,2

02 04 233 16100__ 5111_ - 5999_ 01 - 13 _1,00
 Ár Rá Sto Viðfang Tegund Tegund Tb Tb Studull Mynd
 Send F1 F2 F3 F4 F5 F6 F7 F8 F9 F10 F11 F12
 Hjálp Bakka Ábend Hreyf Aftur Fram Prent Samt Út
 4A0 21,012

Þann 9. nóvember 2006 sendi umboðsmaður Alþingis ráðuneytinu erindi vegna þessa máls, merkt nr. 4831/2006. Í bréfinu var ráðuneytinu kynnt hjálögð kvörtun lögmanns Samtaka atvinnulífsins til embættis umboðsmanns yfir stjórnslu ráðuneytisins við meðhöndlun beiðna um upplýsingar. Þann 28. nóvember s.l. óskaði ráðuneytið eftir því við umboðsmann að veittur yrði frestur til 19. desember 2006 til að svara erindi hans og var umbeðinn frestur veittur með símbréfi samdægurs.

Ráðuneytið óskaði eftir því við Landbúnaðarstofnun í rafbréfi dags. 30. nóvember, að stofnunin gæfi ráðuneytinu svör við þeim fyrirspurnum sem SA höfðu beint að ráðuneytinu f.h. Reykjararðs h.f.

Heilbrigðiseftirlitssjóðurinn er í vörslum stofnunarinnar. Fyrir gildistöku laga nr. 76/2005 þann 1. janúar 2006, var sjóðurinn í vörslu landbúnaðarráðuneytisins, en embætti yfirdýralæknis sá í framkvæmd um bókhald og uppgjör fyrir hann. Embætti yfirdýralæknis rann inn í Landbúnaðarstofnun þegar henni var komið á fót 1. janúar 2006, sbr. lög nr. 80/2005 um stofnunina.

II.

Í bréfi Landbúnaðarstofnunar dags. 14. desember 2006 var rafbréfi ráðuneytisins frá 30. nóvember svarað. Bréf Landbúnaðarstofnunar ber fyrirsögnina: *Erindi Samtaka atvinnulífsins um upplýsingar um gjaldtöku vegna eftirlits með slátrun alifugla dags. 14. 9. 2006.* Hér er þó sennilega átt við bréf þessa efnis sem dagsett var ári fyrr, þ.e. 14. 9. 2005.

Þær upplýsingar sem SA óska eftir við ráðuneytið eru einkum tvíþættar, eins og fram kemur í hjálögðu bréfi frá SA dags. 5. júlí 2006. Annarsvegar er óskað upplýsinga um raunkostnað vegna heilbrigðiseftirlits með slátrun alifugla í sláturhúsi Reykjararðs hf. á Hellu, ásamt lýsingu á því hvernig eftirlitið hafi farið fram s.l. þrjú ár. Hinsvegar er óskað eftir ársreikningum fyrir eftirlitssjóðinn fyrir árin 2002-2005. Sérstaklega er óskað eftir svörum við því hvort einhver launakostnaður dýralækna hafi verið færður á sjóðinn árin 2002 – 2005.

Í bréfi Landbúnaðarstofnunar kemur fram að upplýsingar um raunkostnað við heilbrigðiseftirlit með slátrun alifugla í sláturhúsi Reykjararðs hf. á Hellu væru ekki til þar sem kostnaður við framkvæmd eftirlitsins hefði ekki verið sundurliðaður á einstaka sláturleyfishafa. Í bréfi þessu segir þó að framkvæmd heilbrigðisskoðunar í nefndu alifuglasláturhúsi hafi verið sinnt af Dýralæknamistöðinni á Hellu undir stjórn héraðsdýralæknis Suðurlandsumdæmis.

Í bréfinu er þessu næst almennt reifað hvernig staðið hafi verið að eftirliti í nefndu sláturhúsi. Síðar í bréfinu segir að launakostnaður héraðsdýralækna hafi ekki verið gjaldfærður á sjóðinn þrátt fyrir að nokkur hluti starfshlutfalls þeirra felist í vinnu við heilbrigðisskoðun. Segir í bréfinu að laun eftirlitsdýralækna sem starfi við heilbrigðiseftirlit hafi verið gjaldfærð á eftirlitssjóðinn auk launa þeirra aðstoðarmanna dýralækna sem starfa í sláturhúsum við sauðfjárslátrun.

Í bréfinu segir að ekki hafi verið gerðir ársreikningar fyrir heilbrigðiseftirlitssjóðinn en kostnaði hafi þó verið haldið aðskildum frá öðrum viðfangsefnum í bókhaldi embættis yfirdýralæknis. Með bréfinu var send útskrift frá Fjárláttátt ríkisins um útgjaldaliði sem færðir voru undir liðinn „heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum“ í bókhaldi embættis yfirdýralæknis á árunum frá 2002 til 2004.

Loks voru ráðuneytinu send gögn sem vörðuðu forsendur ákvörðunar þeirra álagningarfjárhæða á einstakar kjöttegundir sem nú standa í 2. mgr. 11. gr. 1. nr. 96/1997.

III.

Landbúnaðarráðuneytið telur bréf Landbúnaðarstofnunar dags. 14. desember s.l. með

öllu ófullnægjandi. Ekki sé forsvaranlegt að svara erindi SA með þeirri ófullkomnu útskrift úr reiknikerfi fjársýslu ríkisins sem Landbúnaðarstofnun sendi ráðuneytinu í nefndu bréfi. Auk þess er einnig þörf á því að gerð sé grein fyrir reikningum sjóðsins fyrir árið 2005.

Ráðuneytið fer þess á leit við stofnunina að hún geri betur grein fyrir sundurliðun á kostnaði við það heilbrigðiseftirlit sem eftirlitssjóðurinn stendur straum af. Ráðuneytið óskar eftir því við stofnunina að hún setji saman rekstrarreikning fyrir hvert rekstrarár á árabílinu 2002 – 2005 þar sem fram komi ekki aðeins útgjöld sjóðsins heldur einnig tekjuuppgjör fyrir hvert þessara ára.

Í bréfi Landbúnaðarstofnunar dags. 14. desember s.l. segir að ekki hafi sérstaklega verið sundurliðaður kostnaður við heilbrigðiseftirlit í sláturhúsi Reykjagarðs hf. á Hellu. Í bréfinu segir þessu næst að framkvæmd heilbrigðisskoðunar í nefndu alifuglasláturhúsi *hafi verið sinnt af Dýralæknamiðstöðinni á Hellu* undir stjórn héraðsdýralæknis Suðurlandsumdæmis. Ráðuneytinu virðist af þessu að hægur leikur ætti að vera að afla upplýsinga um kostnað eftirlitssjóðsins af eftirliti í þessu eina sláturhúsi, enda virðist eftirlitið hafa verið unnið í reikningsviðskiptum við einkaaðila. Ráðuneytið vísar hér einnig til þess sem fram kom í bréfi Landbúnaðarstofnunar dags. 14. desember s.l. að ekki var bókfærður á eftirlitssjóðinn launakostnaður þess héraðsdýralæknis sem yfireftirlit hafði.

Nú hefur dregist í hátt á þriðja ár að svara lögmaetu erindi fyrirtækisins Reykjagarðs hf. um álagningu heilbrigðiseftirlitsgjalds. Verður embætti yfirdýralæknis, og nú Landbúnaðarstofnunar, ekki einu þar um kennt enda hefur ráðuneytið til þessa ekki fylgt málinu nægjanlega eftir. Hjá því verður þó ekki litið að erindi þetta hefur dregist úr hófi fram á borðum Landbúnaðarstofnunar (áður yfirdýralæknis). Verður að telja það ánælisvert.

Svara Landbúnaðarstofnunar er óskað fyrir 15. janúar 2007. Berist ráðuneytinu ekki svör stofnunarinnar fyrir þann tíma, eða reynist þau ófullnægjandi, mun ráðuneytið beina erindi að ríkisendurskoðun og fara þess á leit við þá stofnun að afla verði nauðsynlegra gagna og úttekt verði unnin á reikningshaldi heilbrigðiseftirlitssjóðsins.

Fyrir hönd ráðherra


Ólafur Friðriksson


Arnór Snæbjörnsson

Fylgiskj.:
Bréf Landbúnaðarstofnunar til ráðuneytisins dags. 14. desember 2006
Rafbréf landbúnaðarráðuneytisins til Landbúnaðarstofnunar dags. 30 nóvember 2006
Erindi umboðsmanns Alþingis til ráðuneytisins dags. 9. nóvember 2006
Ítrekun SA dags. 5. júlí 2006
Ítrekun SA dags. 14. september 2005
Bréf SA dags. 9. júní 2005
Bréf til yfirdýralæknis frá Reykjagarði dags. 29. mars 2004

Austurvegur 64
800 Selfoss
Sími: 530 4800
Fax: 530 4801

Br.lyk.: 004	Áb. AS
Aðrir:	Fsk.:
Innk.: 19. JAN. 2007	
LAN 06110058	
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	



LANDBÚNAÐAR-
STOFNUN

Agricultural Authority of Iceland

Landbúnaðarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

Selfoss, 16. janúar 2007
Tilvísun: Lbs06120003/2.20
Yðar tilvísun: LAN06110058/004

Efni: Erindi SA um upplýsingar um gjalddöku v/eftirlits með slátrun alifluga.

Við er til fyrri samskipta landbúnaðarráðuneytisins og Landbúnaðarstofnunar vegna þessa máls. Í bréfi ráðuneytisins, dags. 20. desember s.l., er óskað eftir að Landbúnaðarstofnun geri betur grein fyrir sundurliðun vegna kostnaðar við heilbrigðiseftirlit sem eftirlitssjóður, skv. 11. gr. laga nr. 96/1997, stóð straum af vegna alifuglaslátrunar. Þá óskaði ráðuneytið eftir sundurliðuðum rekstrarreikningi fyrir hvert ár á tímabilinu 2002 til 2005.

✓ Þrátt fyrir að sjóðurinn hafi skv. lögum nr. 96/1997 verið að nafninu til í vörslu landbúnaðarráðuneytisins, var bókhald og rekstur sjóðsins hjá Embætti yfirdýralæknis. Bókhaldið var fært með þeim hætti að öll útgjöld voru færð til bókar án sundurliðunar á einstakar tegundur sláturdýra eða sláturhúsa. Af þessum sökum er ekki hægt að sundurliða útgjöld sjóðsins og taka út kostnað við heilbrigðiseftirlit einstakra tegunda sláturdýra eða sláturhúsa. Ríkisendurskoðun hefur aðstoðað Landbúnaðarstofnun við að taka saman rekstraruppgjör sjóðsins úr bókhaldi Embættis yfirdýralæknis vegna árána 2002 til 2005. Samanteknar rekstrarupplýsingar sýna tekjur og gjöld sjóðsins á umræddum árum en þær sýna ekki sundurliðun milli tegunda sláturdýra eða sláturhúsa: ✓

Eftirlitssjóður


Fjárhæðir í þús.kr.:	2002	2003	2004	2005
Gjald v. heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	68.907	82.863	80.764	61.868
Samtals tekjur	68.807	82.863	88.764	61.868
Launagjöld	34.437	41.011	42.071	37.322
Sérfræðipjónusta dýralækna	2.615	3.439	7.438	6.388
Rannaóknakostnaður	17.268	21.222	23.763	22.876
Önnur gjöld	6.181	7.298	6.591	6.847
Afakrífir	2.071	0	0	61.830
Samtals gjöld	63.482	72.970	78.861	134.841
Tekjur umfram gjöld	6.455	9.893	623	-62.168
Gjald v. heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum samkvæmt fjárlögum	64.000	70.000	75.000	80.000

Með lögum nr. 76/2005 var varsla eftirlitssjóðsins færð frá landbúnaðarráðuneytinu til Landbúnaðarstofnunar. Landbúnaðarstofnun tók ákvörðun um að breyta verklagi við færslu bókhalds vegna kostnaðar við heilbrigðisefirlit í sláturdýrum á þann hátt að kostnaður við heilbrigðisskoðun einstakra tegunda sláturdýra er skráður sérstaklega í bókhald stofnunarinnar, þannig að hægt er að sundurliða kostnað sjóðsins niður á einstakar tegundir sláturdýra. Það er mat Landbúnaðarstofnunar að slíkt sé æskilegt til að hægt verði að fá rétta mynd af raunkostnaði við eftirlit hverrar tegundar sláturdýra. Uppgjör sjóðsins frá og með árinu 2006 getur því orðið nákvæmara en raun er á fyrir undanfarin ár. Frekari sundurliðun mun síðan nást á þessu ári með innleiðingu verkskráningarbókhalds hjá stofnuninni. ✓

Að lokum vill Landbúnaðarstofnun benda á atriði sem fram kom í bréfi ráðuneytisins dags. 20. desember s.l. um að hægt leikur sé að afla upplýsinga um kostnað við framkvæmd heilbrigðisskoðunar í sláturhúsi Reykjarörs hf. á Hellu. Þrátt fyrir að eftirlit hafi að hluta til verið sinnt með aðkeyptri dýralæknabjónustu í sláturhúsi Reykjarörs á Hellu, þá er ekki unnt að ganga úr skugga um raunkostnað við eftirlitið. Aðkeypt dýralæknabjónusta er einungis hluti af heildarkostnaði við heilbrigðisefirlit í sláturhúsinu og sá kostnaður gefur ekki rétta eða fullnægjandi mynd af raunkostnaði. Landbúnaðarstofnun getur því ekki veitt upplýsingar um hver raunkostnaður var við heilbrigðisefirlit í sláturhúsi Reykjarörs á Hellu ofangreind ár. ✓

Það er von Landbúnaðarstofnunar að ofangreint svar við erindi ráðuneytisins sé fullnægjandi miðað við hvernig reikningsskiðum sjóðsins var háttað á árunum 2002-2005. Jafnframt að þær úrbætur sem Landbúnaðarstofnun hefur gert í uppbyggingu reikningsskila fyrir sjóðinn teljist fullnægjandi miðað við þær lagalegu forsendur sem liggja til grundvallar gjaldtöku heilbrigðisefirlits með sláturafurðum.

F.h. Landbúnaðarstofnunar



Stefán Guðmundsson

Forstöðumaður rekstrar- og þjónustusviðs